

Bekkjarnámskrá

4.bekkur

2017 - 2018



Bekkjarnámskrá 4. bekkjar

Umsjónarkennararar: Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Elva Jóhannsdóttir

Kennsluaðstæður: Í 4. bekk eru 38 nemendur, kennt er í stofum 201 og 206.

Íslenska

Kennarar: Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir

Lestur og lesskilningur:

Markmið: Stefnt er að því að allir nemendur verði vel læsir og geti lesið margs konar texta sér til gagns og ánægju. Áhersla verður lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Nemendur flytja texta fyrir áheyrendur. Nemendur eru hvattir til að temja sér bóklestur og gera hann að sjálfsögðum hluta daglegs lífs. Stefnt er að því að 10% hafi náð 80 orðum, 50% 120 orðum og 25% 145 orðum á mínútu í lestrarleikni að vori.

Námsefni: Sögusteinn og lestrarbækur, ýmist að eigin vali eða valdar af kennurum, vinnubækur og verkefni.

Hljóðlestur: Áhersla verður lögð á að nemendur lesi í hljóði, bækur að eigin vali, í skólanum. Þeir eru einnig hvattir til að lesa í hljóði heima.

Námsmat: Lesfimiþróf er þrisvar sinnum á skólaárinu. Lesskilningsþróf er á haustönn og vorönn. Framsagnarþróf er á vorönn. Sjá vef Menntamálastofnunar.

Skrift og ritun:

Markmið: Nemendur þjálfist í að skrifa margs konar texta frá eigin brjósti eða eftir heimildum. Nemendur geti skrifað læsilega og áferðarfallega ítalska skrift og þjálfist í að skrifa tengda skrift.

Nemendur leggi sig fram um að stafsetja rétt og skrifi daglega í skólanum.

Námsefni: Ritun er m.a. æfð með því að skrifa sögur, endursagnir og frásagnir af ýmsum toga.

viðfangsefni: Auk þess eru notaðar bækurnar *Ítalíuskrift*, *Skrift* o.fl. Unnið er með vísur, ljóð.

Námsmat: Skriftarþróf er tvisvar sinnum á skólaárinu. Ritun þrófuð í samræmdum þrófum í íslensku í september. Sjá vef Menntamálastofnunar.

Heimavinna: Nemendur eiga að lesa upphátt heima a.m.k. 5 sinnum í viku í 15 mínútur í senn.

Vikulega fá nemendur einstaklingsmiðuð heimaverkefni sem tengist námsefni vikunnar.

Stærðfræði

Kennarar: Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir.

Námstilhögun: Kennt í mismunandi stórum hópum eftir viðfangsefnum.

Kennsluaðstæður: Í 4. bekk eru 38 nemendur, kennt er í stofum 201 og 206.

Markmið: Unnið verður áfram með undirstöðuatriði stærðfræðinnar, hugtök og tákni. Nemendur nái auknum tókum á samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu, mælingum, rúmfræði og fl. Nemendur geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna, skráð niðurstöður og rætt um stærðfræðileg verkefni.

Námsefni: *Sproti 4a og 4b og æfingahefti.* Verkefni frá kennurum og Pals stærðfræðiefni.

Námsmat: Kaflapróf í Sprotu eftir hvern námsþátt. Próf á haustönn og vorönn. Samræmt próf í september. Sjá vef Menntamálastofnunar.

Heimavinna: Vikulega fá nemendur einstaklingsmiðuð heimaverkefni sem tengist námsefni vikunnar.

Samfélagsfræði og náttúrufræði.

Kennarar Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir.

Kennsluaðstæður: Í 4. bekk eru 38 nemendur, kennt er í stofum 201 og 206.

Markmið: Nemendur bæti við þekkingu sína á samfélaginu og mannkynssögunni. Nemendur læri og rifji upp helstu reglur sem gilda í umferðinni.

Námsefni/ *Komdu og skoðaðu sögu mannkynsins, Góða ferð , trúarbragðafraedi, þemabókin Hvalir. Ýmsar handbækur.* Verkefni útbúin af kennurum.

Námsmat: Samþætt með íslensku undir byrjendalæsi.

Lífsleikni

Kennarar: Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir

Markmið: Að hafa uppbyggingu að leiðarljósi, að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda. Umferðarfræðsla.

Námsefni: Farið yfir atriði samkvæmt uppbyggingarstefnunni. Unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti.

Námstilhögun: Bekkjafundir og samvera. Farið verður í ýmsar samskiptasögur, leiki og spil og ýmislegt sem þjálfar nemendur í að eiga samskipti við aðra og að koma vel fram.

Námsmat: Sjá vef Menntamálastofnunar.

Upplýsingataekni

- Kennarar:** Arna Sæmundsdóttir, Árný Herbertsdóttir og Elín Þóra Friðfinnsdóttir.
- Markmið:** Að nemendur geti notað rit- og myndvinnsluforrit og náð í upplýsingar af netinu. Að þeir læri rétta fingrasetningu. Nemendur auki við þekkingu sína og notkun á bókasöfnum. Þjálfist í notkun á stafrófinu og að flétta upp í ýmiskonar fræðiritum. Nemendur nái nokkurri færni á notkun ipada og þjálfist í notkun á öppum til að þjálfa í ýmis námsatriði.
- Námstilhögun:** Kennt er á bókasafni og í tölvustofu í 3 hópum. Hóparnir fara í ipada, tölvur og bókasafnsvinnu og rúlla til skiptis allan veturinn.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

Textílmennt

- Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir
- Markmið:** Æfa saman hug og hönd, kynnast ólíkum efnum og áherslum, auk þess að njóta sköpunar og læra einfaldar vinnuaðferðir og vandvirkni. Efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.
- Námsefni:** Nemendur læra að þrjóna garðaprjón og einnig vélsaum.
- Námstilhögun:** Kennt er í handmenntastofu í verkgreinahúsinu. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku, 9 vikur í senn.
- Námsmat:** Vinnubrögð eru metin í maí.

Myndmennt

- Kennarar:** Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir.
- Markmið:** Að nemendur vinni með rými í myndgerð. Að nemendur þekki grunnformin og læri muninn á mjúkum og hörðum formum. Skoðuð nálægð og fjarlægð, unnin ein mynd. Að nemendur þekki 6-lita hringinn, hugtökin grunnlitir, andstæðulitir, læri litablöndun og myndgerð og skissuvinnu. Einnig unnið með kalda og heita tóna. Oft samþætt með öðrum námsgreinum.
- Námstilhögun:** Nemendur fá 6 kennslustundir á viku, 8 vikur í senn.
- Námsefni:** Listaverka- og handbækur. Efni af netinu, dagblöð, tímarit og fleira sem til fellur.
- Námsmat:** Færni, Vinnubrögð, frágangur, hegðun og ástundun. Lokaeinkunn byggist á símati

Tónmennt

- Kennarar:** Árný Herbertsdóttir
- Markmið:** Að nemendur læri ýmis lög og texta. Hlusti á mismunandi gerðir tónlistar og fái að kynnast nokkrum söngvamyndum.
- Námstilhögun:** Hvorum bekk kennt fyrir sig, eina kennslustund í viku.
- Námsefni:** Nemendur útbúa sína eigin söngbók og safna í hana verkefnum frá kennara.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

Heimilisfræði

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Markmið: Að nemendur:

- geti með aðstoð matreitt einfalda rétti eftir uppskriftum
- kunni að nota eldhúsáhöld og tæki eins og við á og geri sér grein fyrir slysaþættum á heimilum
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- auki þekkingu sína um sjálfbærni og læri að setja viðfangsefnin í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður)
- skilji einfaldar umbúðamerkingar
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Námstilhögun: Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

Námsefni: Kennslubók: Heimilisfræði 4

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Tæknimennt

Kennari: Marta Sif Ólafsdóttir

Markmið:

- Að þekkja og geta beitt grunn verkfærum og vélum greinarinnar.
- Beita líkamanum rétt við vinnu og sýna rétta notkun hlífðarfatnað
- Að kunna að framkvæma einfaldar samsetningar.
- Að getað teiknað upp einfalda skissu af eigin hugmynd og framkvæmt hana.

Námstilhögun: Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

Námsefni: Úsögunarsög, þvinga, viður, klauf, hamar, sandpappír, borðborvél, límbyss, brennipenni, lím, málning og steypa.

Námsmat: Færni, Vinnubrögð, frágangur, hegðun og ástundun.

Lokaeinkunn byggist á símati.

Enska

Kennarar:

Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh.

Markmið:

Að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt.

Notuð verður tónlist, hreyfingar og ímyndun í leik ásamt námsbók.

Námstilhögun:

Kennt er einn tíma á viku, Bergljót kennir 4. AS og Monica 4. ÁH.

Námsefni:

Right On, Bookless Beginners og Speak Out.

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat.

Íþróttir

Kennarar:

Atli Freyr Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson.

Markmið:

Meginmarkmið skólaíþróttar er að stuðla að almennum hreyfingarska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

Námstilhögun:

Hver nemandi fær 2 íþróttatíma á viku og 1 sundtíma.

Kennslan fer fram í Íþróttahúsinu við Austurveg.

Námsmat:

Skriflegar umsagnir gefnar í samræmi við námsferil vetrarins. Mæting, framkoma og virkni einnig metin.

Dans

Kennari:

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Markmið:

Að nemendur efli hreyfigetu, læri einfalda samsetningu grunnspora í algengum dönsum og öðlist samhæfingu handa og fóta.

Að nemendur geti skynjað hrynjandi og sérkenni hennar í hreyfingu og tónlist.

Að nemendur temji sér almennar kurteisivenjur í samskiptum og taki tillit til annarra.

Að nemendur vinni meðsköpun

Námstilhögun:

Kennt er einu sinni í viku í stofu 122

Námsgögn:

Geisladiskar, efni af netinu og myndir af DVD diskum.

Námsmat:

Námsmat samkvæmt nýju námsmati GÍ

Útivist

Kennarar:

Árný Herbertsdóttir.

Markmið:

Að nemendur styrki gróf- og fínhyfingar. Byggja upp almenna líkamshreysti og þrek. Efla jákvætt viðhorf til hreyfingar og jákvæða sjálfsmynd. Að nemendur svali hreyfipörf og nýjungagirni, þekki nánasta umhverfi skólans og njóti þess að vera úti í náttúrunni.

Námstilhögun:

Kennt er einu sinni í viku.

Námsmat:

Ekkert formlegt námsmat.

Félagslíf

Auk hefðbundinna skemmtana skólans verða bekkjarskemmtanir tvisvar í vetur, önnur fyrir áramót en hin eftir áramót, sem tengiliðir bekkjarins skipuleggja.

Foreldrasamstarf

Umsjónarkennari leggur mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Fyrsta skóladaginn er foreldraviðtal með kennara þar sem sett eru markmið nemandans fyrir veturinn. Í september er fundur með foreldrum þar sem ýmis málefni hvað skólaárið varðar eru kynnt, s.s. samræmd próf, litla upplestrarkeppnin o.fl.

Foreldradagar verða tvisvar, 9. nóvember og 9. febrúar. Þá verða einkaviðtöl foreldra, nemenda og kennara. Oftast er hægt að ná tali af kennurum í skólanum eftir kennslu. Einnig er hægt að senda tölvupóst arna@isafjordur.is og arnyh@isafjordur.is.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann.

Annað

Námsgreinar skarast töluvert í 4. bekk og ekki er alltaf auðvelt að greina á milli þeirra. Hér hefur verið reynt að geta flestra námsbóka og viðfangsefna en oft ná sömu bækur yfir fleiri en eina námsgrein.

<http://vefir.nams.is/namsmat/haefnividmid.html>

Einkunnir gefnar í bókstöfunum A, B+, B, C+, C, D+ og D.